

## Persónuverndarstefna Kópavogsbæjar

Kópavogsbær er sveitarfélag sem lýtur sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins. Hlutverk sveitarfélagsins er að annast þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin í lögum, vinna að velferðarmálum íbúa og hverju því verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins sem ekki eru falin öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélagið hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið og allar undirstofnanir þess vinna með. Sveitarfélagið hefur á þeim grundvelli sett sér þessa persónuverndarstefnu og með því uppfyllt ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga:

### 1. Tilgangur og gildissvið

Kópavogsbær leitast við að uppfylla í hvítetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („persónuverndarlög“), sbr. persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins 2016/679.

Með stefnu þessari leggur sveitarfélagið áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að því að öll vinnsla persónuupplýsinga innan sveitarfélagsins fari fram í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Stefnan gildir um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga innan Kópavogsbæjar. Þegar vísað er til sveitarfélagsins í stefnu þessari er einnig átt við stofnanir, nefndir og ráð á vegum þess. Stefnan gildir einnig þegar þriðja aðila hafa verið falin verkefni eða starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

Persónuverndarstefna þessi lýsir vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum.

### 2. Vinnsla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, s.s. nafn, kennitölu, mynd, netauðkenni eða aðrir þættir sem geta greint einstaklinginn, sbr. 4. gr. persónuverndarlaga. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga frá því upplýsingarnar berast til sveitarfélagsins og þar til þær fara frá sveitarfélaginu til varðveislu eða eyðingar, s.s. söfnun, skráning, miðlun, birting og eyðing.

### 3. Hvernig sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar

Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram í ákveðnum og skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum, upplýsingalögum nr. 140/2012, stjórnáráðslögum nr. 37/1993 og öðrum lögum sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar. Persónugreinanlega varðveislu upplýsinga getur sveitarfélagið nýtt til ópersónugreinanlegrar tölfræðivinnslu í þeim tilgangi að auka skilvirkni, þjónustu og hagkvæmni í sveitarfélaginu. Að öðru leyti mun sveitarfélagið ekki nota þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið aflar og hefur undir höndum í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi en þeim sem upplýsinganna var aflað.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur, til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir sveitarfélagið starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því skyni að skapa almenna og góða þekkingu á

Því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar, meðferð og vinnsla persónuupplýsinga, og hvernig gætt skuli öryggis þeirra á vettvangi Kópavogsbæjar sem vinnustaðar sem og veitanda þjónustu.

#### 4. Söfnun persónuupplýsinga

Við rekstur sveitarfélagsins safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og getur vinnsla slíkra upplýsinga verið nauðsynleg svo sveitarfélagið geti veitt lögbundna þjónustu.

Sveitarfélagið safnar og vinnur með persónuupplýsingar um:

- íbúa, þjónustuþega, umsækjendur, styrkþega og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins;
- nemendur leik- og grunnskóla og foreldra/forráðamenn þeirra.
- starfsfólk sveitarfélagsins;
- einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið; og
- tengiliði
  - viðskiptamanna
  - birgja
  - verktaka
  - ráðgjafa
  - stofnana
  - og annarra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við

#### 5. Vinnsluskrá

Kópavogsbær heldur vinnsluskrár í starfsemi sinni, en vinnsla sviða og stofnana Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum vegna veittrar þjónustu er skilgreind nánar í vinnsluskrá. Vinnsla gagna er hluti af lögbundinni þjónustu sem sveitarfélög veita og annarri þjónustu sem Kópavogsbær hefur ákveðið að veita og byggir á lögum, upplýstu samþykki skráðra aðila eða öðrum heimildum.

#### 6. Eðli persónuupplýsinga sem sveitarfélagið safnar

Kópavogsbær safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga en þó eingöngu almennar upplýsingar sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Ólíkum persónuupplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangsmeiri upplýsingum t.d. safnað um starfsfólk, íbúa, notendur þjónustu og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins, heldur en um aðra, svo sem tengiliði lögaðila eða einstaklinga sem eru í einstökum og afmörkuðum samskiptum við sveitarfélagið.

#### 7. Viðkvæmar persónuupplýsingar

Undir tilteknum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum, t.d. við veitingu félagsþjónustu, í barnaverndarstarfi, skólasterfi eða vegna starfsmannamála. Með viðkvæmum persónuupplýsingum er átt við upplýsingar um heilsufar, kynhneigð, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi, þjóðernislegan uppruna o.fl. en af hálfu sveitarfélagsins er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar um heilsufar þegar það á við og um aðild að stéttarfélagi að því er varðar starfsfólk. Sveitarfélagið hefur sérstaka aðgát við vinnslu slíkra upplýsinga með hliðsjón af ákvæðum 11. gr. persónuverndarlaga. Kópavogsbær aflar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tiltekna aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila, t.d. Þjóðskrá, heilbrigðisstofnun eða öðrum þriðja aðila. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sveitarfélagið leitast við að upplýsa um slíkt, eftir því sem við á. Magn og eðli upplýsinganna fer eftir sambandi sveitarfélagsins og þess aðila sem um ræðir. Einstaklingum er valkvætt að veita

persónuupplýsingar, en séu persónuupplýsingar ekki veittar í ákveðnum tilvikum kann það þó að hafa áhrif á möguleika sveitarfélagsins til að veita þá þjónustu sem um ræðir hverju sinni.

## 8. Grundvöllur fyrir söfnun persónuupplýsinga

Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins verið nauðsynleg í þágu almannahagsmuna eða við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum til að efna lagalegar skyldur eða skyldur skv. samningssambandi sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á. Þá byggir sveitarfélagið sumu vinnslu jafnframt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni.

## 9. Varðveislutími

Þar sem Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar eða útgefnum reglum um grisjunarheimildir. Almennt eru gögn, sem sveitarfélagið vinnur, afhent opinberu skjalasafni að liðnum 30 árum í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn.

## 10. Öryggi persónuupplýsinga

Sveitarfélagið grípur til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Í því felst m.a. vernd gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu sem og óheimilli miðlun, notkun, afritun, uppljóstrun, breytingu eða glötun auk óheimils aðgangs.

Sveitarfélagið stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu um vernd persónuupplýsinga, öryggi við vinnslu þeirra og skyldur sem á sveitarfélaginu hvíla í því sambandi. Þá hefur Kópavogsbær innleitt ferla, sem og aðrar persónuverndarráðstafanir sem eru hæfilegar. Þær taka jafnframt mið af eðli og magni persónuupplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir einstaklingana. Kópavogsbær gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, m.a. með það að markmiði að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað, svik eða aðra misnotkun á upplýsingum. Kópavogsbær leggur áherslu á að takmarka aðgang að upplýsingum við þá starfsmenn sem nauðsynlega þurfa slíkan aðgang til að ná fram tilgangi vinnslunnar. Í tilviki tölvuskýjalausna hefur Kópavogsbær gert skipulags- og tæknilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, s.s. með dulkóðun og aðgangsstýringu.

Komi upp öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar einstaklinga og hefur í för með sér áhættu mun persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins tilkynna slíkt til eftirlitsyfirvalda. Skráð er frábrigði í gæðakerfi bæjarins og verkferlum fylgt um það hvernig meðhöndla skuli slíka öryggisbresti í samræmi við kröfur persónuverndarlagna.

## 11. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Kópavogsbær kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig geta þriðju aðilar sem veita sveitarfélaginu þjónustu á sviði upplýsingatækni, skólaþjónustu eða velferðarþjónustu og á öðrum sviðum haft aðgang að persónuupplýsingum sem eru til vinnslu af hálfu Kópavogsbæjar í samræmi við gerða þjónustusamninga og vinnslusamninga, en sveitarfélaginu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Sveitarfélagið gerir kröfur til þriðja aðila sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, um að fyllsta trúnaðar sé gætt. Jafnframt gerir sveitarfélagið þær kröfur að öryggi og vernd upplýsinganna sé tryggð í samræmi við reglur sveitarfélagsins og persónuverndarlög. Að öðrum kosti verður

persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila. Kveðið er á um varðveislu og vistun persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila í vinnslusamningum sem Kópavogsbær á aðild að.

Kópavogsbær mun ekki nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi eða afhenda þær þriðja aðila, nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar eða skriflegs vinnslusamnings eða samþykkis hins skráða. Kópavogsbær áskilur sér þó rétt til að afhenda þriðja aðila ópersónugreinanlegar upplýsingar í vísinda- og rannsóknarskyni eftir því sem lög heimila. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli persónuverndarlöggjafar.

## 12. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Þessi réttur einstaklinga er þó takmörkunum háður þegar um er að ræða lagaskyldu Kópavogsbæjar til að varðveita upplýsingar á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Kópavogsbær er óheimilt að eyða skjölum sem falla undir lögin nema með heimild þjóðskjalavarðar.

Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Í þeim tilvikum sem vinnsla sveitarfélagsins byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. persónuverndarlaga.

Beiðnir einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt persónuverndarlögum skulu berast í gegnum beiðnaform í íbúagátt á heimasíðu Kópavogsbæjar, þó hægt sé að taka á móti beiðnum með öðrum hætti. Nauðsynlegt er að sanna á sér deili til að geta neytt ofangreindra réttinda og þá geta þau verið háð takmörkunum sem leiða m.a. af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. Beiðnir einstaklinga um afrit af persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur skulu afmarkaðar við tiltekin gögn eða tiltekin mál eins og kostur er. Leitast er við að svara öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir innan mánaðar, ásamt ástæðum fyrir töfinni, og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá móttöku á beiðni.

Upplýsingar sem veittar eru skulu vera án endurgjalds. Hafi beiðni í för með sér ljósritun/prentun í miklu magni eða sé beiðni frá einstaklingi augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna endurtekningar, er Kópavogsbær heimilt að innheimta gjald skv. gjaldskrá fyrir ljósritun og prentun nr. 306/2009 og/eða setja upp sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðar við upplýsingagjöfina eða að neita að verða við beiðninni. Það skal vera sveitarfélagsins að sýna fram á að beiðni sé tilefnislaus eða óhófleg samkvæmt 5. mgr. 12. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

## 13. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar ber ábyrgð á stefnu sveitarfélagsins um persónuvernd og endurskoðun hennar. Persónuverndarfulltrúi ber ábyrgð á rekstri stjórnunarkerfisins persónuverndar og uppfærslu þess; samkvæmt lögum sem gilda um persónuvernd hverju sinni, en einnig í samræmi við ákvarðanir stjórnenda bæjarfélagsins sem kunna að hafa áhrif á rekstur kerfisins á hverjum tíma.

Ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft, einstök svið þess eða stofnanir á vegum þess ákveður tilgang og aðferð við vinnsluna.

#### 14. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessa og framfylgni við persónuverndarlög. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt því hlutverki að fræða starfsfólk sveitarfélagsins um skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögunum, veita ráðgjöf og leysa úr álitaeftum á sviði persónuverndar. Persónuverndarfulltrúi er tengiliður við Persónuvernd og getur sem slíkur haft fyrirframsamráð og leitað ráða, eftir því sem við á, varðandi önnur málefni.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að senda honum tölvupóst á netfangið [personuvernd@kopavogur.is](mailto:personuvernd@kopavogur.is)

Samskiptaupplýsingar sveitarfélagsins:

Bæjarskrifstofur Kópavogsbæjar, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur. Sími 441-1000, nánari upplýsingar á vef sveitarfélagsins [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

#### 15. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, mun persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum.

Telji einstaklingur vinnslu Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum ekki vera í samræmi við lög eða reglugerðir, er mögulegt að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd, sem annast eftirlit með meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum, á vef stofnunarinnar [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

#### 16. Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð og eftir atvikum uppfærð á þriggja ára fresti og í samræmi við breytingar á gildandi lögum og reglugerðum. Allar breytingar verða birtar á vef sveitarfélagsins og taka gildi frá birtingu þeirra.

Persónuverndarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. nóvember 2018.

*Breytt á fundi bæjarstjórnar þann 26. október 2021.*

*Breytt á fundi bæjarstjórnar þann xxx 2024.*